

10. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

6. september 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF.

Forföll boðaði: Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) og Sara Sigurðardóttir (SS) og Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH)

Fundur settur 18:30

Dagskrá:

1. **Fundargerð 9. Stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. **Leiga á skrifstofu:** Ungir Umhverfissinnar óskuðu eftir að fá að nýta skrifstofu LUF. Ákveðið var að verða við þeirri beiðni með fyrirvara um samþykki SÍF.
 - b. **Lokaskýrsla innflytjendaverkefnis:** Frestur rann út áður en skýrslan var send vegna anna hjá félaginu. TI var falið að óska eftir frekari frest og setja skýrsluna í forgang.
 - c. **Samstarf við Allianssi:** TI falið að senda póst með upplýsingum um aðkomu LUF að verkefninu ásamt því að fara yfir fjárhagsáætlun. LMJ tók að sér að funda við félagið í gegnum Skype.
3. **#ÉgKýs:** Drög að fréttatilkynningu um opin fund í tilefni af lokaskýrslu var samþykkt og TI var falið að boða nýja stjórn SÍF á fund vegna áframhalds #ÉgKýs.
4. **Svar frá EUF:** SHB fékk neikvætt svar frá EUF við beiðni LUF. Búið er að stofna mál innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
5. **RSK málið:** SHB leggur til að gerð verði frétt um að RSK brjóti á réttindum ungs fólks. SHB hefur samband við Vilhjálm Árnason alþingismann og biður hann um að skjóta skriflegri fyrirspurn um málið til viðeigandi ráðherra. Stjórn skrifar grein um málið sem verður svo birt á heimasíðu LUF.
6. **Leiðtogaskólinn:**
 - a. Bréfi til Vigdísar Finnbogadóttur var ekki tilbúið að fullu og því var ákveðið að fresta málinu til næsta fundar.
7. **Aðildarfélög:** LMJ vakti athygli á mikilvægi þess að fara reglulega yfir stöðuna á aðildarfélögum til að kanna hvort félögin starfi ekki alveg örugglega í samræmi við lög LUF. Stjórn samþykkti að LMJ útbúi lista og skipti aðildarfélögum niður á milli stjórnarmanna sem setja sig í samband við félögin.
8. **Alþjóðamál:**
 - a. **Boð á lýðræðisráðstefnuna “Democracy, Youth and Democratic Exclusion” í Osló:** Ákveðið var að allir stjórn ásamt fulltrúum SÍF sækja ráðstefnuna. Stjórnarmenn fá til 11. September til að svara og eftir það er TI falið að bjóða öðrum viðeigandi aðilum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir fulltrúa frá LUF í rýnihóp vegna ráðstefnunnar, stjórn ákvað að skipa TI.
 - b. **Tilnefning ungmannafulltrúa í norrænan sérfræðihóp um SDGs:** Stjórn ákvað að auglýst yrði eftir fulltrúum hjá aðildarfélögum. Frestur til að sækja um verður 27. september.

- c. “UN Youth Delegation” málið:** LMJ upplýsti stjórn um að sænsku UN fulltrúinn hafði samband við LUF til að setja slíkt á laggirnar fyrir Ísland og vildi tengja LUF við fulltrúa hjá fastanefndinni. LMJ barst hringing frá stjórnarráðinu um að starfið væri þegar hafið án aðkomu LUF. LMJ var falið að kynna sér málið betur og TI beðin um að finna tölvupóst um beiðni frá LUF til Fastanefndarinnar um að setja á fót íslenskt “UN Youth Delegation” sem send var fyrir ári síðan.
- d. Fundur með utanríkisráðherra:** SHB tók að ýta á eftir fundi.
- 9. Gjaldkeramál:** TI og MÖÓ hittast á fundi vegna félagsgjalda og fjármögnun félagsins.
- 10. Heimasíða:** Enn þarf að vinna í uppsetningu aðildarfélaga og enskri útgáfu. UH kannar hvað hún getur gert, annars verður leitað annað.
- 11. Næsti fulltrúaráðsfundur:** Samþykkt var að fundurinn yrði haldinn þann 28. September.
- 12. Starfsmannafundur.** SHB og TI hittast á fundi til að ræða starfssamning.
- 13. Næsti stjórnarfundur:** LMJ býr til Doodle.
- 14. Önnur mál:** Stjórn kemur saman og þróar fyrirhugað nýsköpunarverkefni þann 26. September.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:11
UH ritaði fundargerð.*